

Bæjarstjóri, ágætu bæjarfulltrúar og aðrir gestir. Ég heiti Ylfa Örkdóttir og er fulltrúi Hvíta Hússins í ungmennaráði Akraness

Ég, eins og við flest í ungmennaráðinu vorum á ungmennafinginu sem haldið var í Þorpinu núna 1. nóvember. Þingið gekk mjög vel og margt kom þar fram.

Flestir eru sammála um að það sé gott að búa á Akranesi. Hér eru góðir skólar og leikskólar, öflugt félagslíf og góður tónlistarskóli og svo mætti lengi telja.

Ég hef alist upp og búið alla mína tíð á Akranesi og oftast liðið vel. Ég er elst af nokkrum systur og það er út frá þeirra framtíð sem ég tala í dag.

Þó svo að flest okkar ungmenni séu í góðum málum þá er það því miður þannig að tölur fara hækkandi um neyslu ungmenna á fíkniefnum. Þetta er ömurleg þróun! Ungmenni eru að falla frá vegna fíkniefna. Það hræðir mig hvað það er búið að “normalisera” þessi ógeðslegu efni. Við ungmennin heyrum og vitum hvað er í gangi. Við vitum að það eru unglingar sem mæta edrú og allsgáð á framhaldsskólaböllum. En við höfum líka dæmi um unglunga sem mega ekki drekka samkvæmt lögnum og eru að mæta á böllum án þess að hafa drukkið áfengi og fá þau að blása í áfengismæli og komast því í edrúpottinn svokallaðan. Þessi ungmenni eru jafnvel að mæta samt sem áður undir áhrifum kannabis /hassreykinga eða jafnvel lyfseðilsskyldra lyfja. Þetta er aðeins eitt dæmi um hvernig þróunin er og það er þetta sem ég á við um normalísingu á t.d efnum eins og kannabis, þetta er óhugnanlegt og á ekki að vera boðlegt.

Við höfum líka heyrt að krakkar séu að nota kannabisvökva í veip/rafrettur, Allt of margir, og þar með taldir foreldrar sætta sig við að börnin þeirra noti veip og virðast ekki átta sig á hættunni sem þessu fylgir.

Ég hef gríðarlega miklar áhyggjur af þessu. Það væri frábært ef ég vissi hvaða forvarnir virka eða hvernig það er hægt að binda enda á þetta. En ég veit það ekki. Ég ásamt tveim öðrum fulltrúum úr ungmennaráði Akraness sátum á málstofu í ráðhúsinu í Reykjavík nú á dögnum svo kölluðu Ráðabruggi, þar sem við fengum kynningu á því hvað jafningjafraeðsla er. Það er von í svoleiðis fræðslu þar sem öll ungmennin sem sátu með mér á þinginu voru sammála um að ungmenni ná best til ungmenna þar sem maður fær að heyra fræðslu frá sínum jafnaldra. Fræðslan getur verið um ýmislegt. Forvarnir til dæmis. Þá er ég ekki að tala um „hræðslu-fræðslu“ þar sem fyrrverandi fíkill er að tala heldur um ungmenni sem hafa valið að fara aðra leið „lifa heilbrigðu lífi“ og líður vel með það. Við fáum alltaf að heyra um krakkana sem fara út af brautinni, þessi fáu prósent sem byrja að nota vímuefni. Við fáum minna að heyra um alla hina sem völdu að gera það ekki. Stundum mætti halda að allir framhaldsskólanemar væru í einhverju bulli. Þannig er oft frétttaflutningurinn. En við eigum auðvitað að hafa áhyggjur af þeim kökkum sem fara út af brautinni. Það þarf að styrkja þau, hafa öflugri sjálfstyrkingu og svoleiðis þarf að byrja miklu fyrr. Við þurfum að efla jákvæða leiðtoga.

Ég legg til að Ungmennaráði Akraness verði veitt fjármagn til þess að byrja með og starta jafningjafraeðslu. Fræðslan getur verið víðtæk en talað yrði um það sem brennur á ungmendum í dag. Það væri hægt að tala um fíkniefni og koma fram

með jákvæðar fyrirmyndir. Þannig gætu ungmenni t.d á fyrsta ári í framhaldsskóla fengið sumarvinnu við það að fræða þá sem yngri eru.

Takk fyrir mig.